

Til efnahags og viðskiptanefndar Alþingis

Frá Samtökum sparifjáreigenda

Blaðsíða | 1

Varðar þingmál á Þingskjali 3 — 3. mál. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2018.

Umsögn þessi fjallar aðeins um 2. gr. frumvarpsins, þ.e. breyting á 66. gr. laga nr. 90/2003.

Þess er jafnframt farið á leit að fulltrúa Samtaka sparifjáreigenda megi fylgja þessari umsögn úr hlaði á fundi efnahags- og viðskiptanefndar.

Kynning á Samtökum sparifjárreigenda

Samtök sparifjáreigenda eru hagsmunasamtök almennra hlutabrefa- og sparifjáreigenda, sem starfa án tillits til stjórnmalaskoðana eða fjárfestingar og sparifjáreignar félaga sinna, aldurs þeirra eða búsetu.

Tilgangur Samtakanna er:

- *Að gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart stjórnvöldum, stjórnmalamönnum, útgefendum hlutabrefa og annarra verðbrefa, fjölmiðlum og öðrum þeim, sem áhrif geta haft á hag þeirra, er fjárfesta í hlutabrefum, verðbréfum og öðrum sparnaðarleiðum.*
- *Að efla áhuga og þekkingu almennings á mikilvægi frjáls sparnaðar og á leiðum til ávöxtunar sparifjár m.a. með fjárfestingum í hlutabrefum og öðrum verðbrefum.*
- *Að vinna gegn því, að neikvæð ávöxtun sparifjár verði andlag beinnar eða óbeinnar skattlagningar.*

Um frumvarpsgreinina og þróun í 10% í 20% skatthlutfall

Það skal enn áréttað að í fyrirsögn í grein 3.3 í greinargerð er villa í notkun hugtaka, sem er margendurtekin síðar í umfjölluninni en torvelt hefur reynst að leiðrétta undanfarna áratugi.

Efnahagsreikningur skiptist í tvo hluta. Vinstri hlið reikningsins sýnir fjármuni sem geta verið fasteignir, fjáreignir, þ.e. verðbréf, bankainnistæður o.fl. og aðrar óefnislegar eignir eins og einkaleyfi og ýmis réttindi.

Hægri hlið efnahagsreikningsins, skuldahliðin, sýnir með hvaða hætti eignahliðin hefur verið fjármögnuð, þ.e. fjármagnið í rekstrinum.

Það getur ýmist verið eigið fé eða lánsfé.

Fjármagnið er því skuld fyrirtækisins við eigendur eða lánardrottna og getur því tæpast orðið andlag skattlagningar. Ætlunin virðist vera að skattleggja tekjur, sem hafa má af eignunum en ekki skuldunum, þ.e. fjáreignatekjurnar, ekki skuldirnar..

Á það skal þó bent að skattlagning á skuldir er leið til að koma í veg fyrir skuldarasamfélag.

Samtök sparifjáreigenda vilja minna á skattlagning á fjáreignatekjur í núverandi formi eiga sér um 20 ára sögu.

Þegar 10% fjáreignatekjuskattur var tekinn upp árið 1995 var 10% hlutfallið ákvaðað með tilliti til þess að stór hluti fjáreignatekna af sparifé voru „verðbætur“ það var í raun viðurkennt að verðbætur voru ekki tekjur, heldur leiðrétting vegna verðryrnunar gjaldmiðils og að verðbætur voru ætlaðar til að halda kaupmætti fjáreignarinnar óbreyttum.

Á ensku kallast verðbætur „inflation adjustment“. Það orðfæri skilgreinir mjög vel eðli verðbóta. Verðbætur eru því ekki tekjur og geta því alls ekki orðið skattandlag.

Með því að löggjafinn treysti sér ekki til að greina á milli vaxta og „verðbóta“ á sparireikningum og skuldabéfum var farin „slumpleið“, sem er sú að skattleggja vexti og verðbætur með einu skatthlutfalli, 10%, en það var talið nálgast raunskattlagningu sem næst skattlagningu launatekna.

Það var því ekki reynt að greina á milli vaxta og verðbóta, sem er verðleiðrétting.

Frá þeim tíma hefur skatthlutfallið hækkað sem hér segir:

Próun fjármagnstekjuskatts:

- 10% frá 1. janúar 1997 til 30. júní 2009
- 15% frá 1. júlí til 31. desember 2009
- 18% frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010
- 20% frá 1. janúar 2011

Arðir og vextir, mismunur

Samtök sparifjáreigenda vilja vekja athygli á að úthlutaður arður er ekki sjálfstæð tekjuuppspretta. Skattlagning á arð er í raun skattlagning á hagnað hlutafélaga hjá eiganda hlutabréfanna eftir að félagið hefur áður greitt skatt af sama hagnaði.

Skattlagning hagnaðar og arðs er sem hér segir:

- þ.e. $20\% * \text{hagnaður} + 20\% * (100\% - 20\%) * \text{hagnaður} = 36\% \text{ af hagnaði.}$

- Með 22% skattlagningu á hagnað fyrirtækja verður skattlagning sem hér segir:
 - $22\% \cdot \text{hagnaður} + 20\% \cdot (100\% - 22\%) \cdot 20\% = 37,6\% \text{ af hagnaði.}$

Það skal einnig áréttað að flest það sem sagt er í kafla 3.2 í greinargerð með frumvarpinu á ekki við um vaxtatekjur, heldur einungis um arð.

Raunskattlagning raunvaxtatekna

Með 20% skattlagningu á vaxtatekur og verðbætur er raunskattlagning sem hér segir:

Raun- ávöxtun	Verðbólga				
	1%	2%	3%	4%	5%
1%	39,80%	59,22%	78,25%	96,92%	115,24%
2%	29,90%	39,61%	49,13%	58,46%	67,62%
3%	26,60%	33,07%	39,42%	45,64%	51,75%
4%	24,95%	29,80%	34,56%	39,23%	43,81%
5%	23,96%	27,84%	31,65%	35,38%	39,05%

Með 22% skattlagningu á vaxtatekur og verðbætur er raunskattlagning sem hér segir:

Raun ávöxtun	Verðbólga				
	1%	2%	2%	2%	5%
1%	43,78%	65,14%	65,14%	65,14%	126,76%
2%	32,89%	43,57%	43,57%	43,57%	74,38%
3%	29,26%	36,38%	36,38%	36,38%	56,92%
4%	27,45%	32,78%	32,78%	32,78%	48,19%
5%	26,36%	30,63%	30,63%	30,63%	42,95%

Það skal eftirlátið nefndarmönnum og öðrum þingmönnum að meta verðbólgu og raunávöxtun sparifjár í dag. Mestur hluti inneigna í fjármálastofnunum er á neikvæðum raunvöxtum og þá eiga þessar tölur ekki við, og enn síður skattlagning.

Til viðbótar við þessa skattlagningu koma ýmis skerðingarákvæði í bótakerfi almannatrygginga. Fjáreignatekjur skerða bætur, hvort heldur örorkubætur ellegar ellilífeyri. Með því er verið að refsa fyrir ráðdeild, en það getur vart talið réttlæti.

Að auki valda skerðingarákvæði almannatrygginga því að því að bótaþegar lenda í fátæktargildru, þar sem sparnaður, ráðdeild og aðstoð vandamanna valda einungis óbreyttri

stöðu bótaþega. Útreikningur á skatthlutföllum vegna skerðingarákvæða er í raun óframkvæmanleg. Sennilegt er að sú skattlagning sé úr öllu hófi.

Frjáls félagasamtök og styrktarsjóðir

Sú frumvarpsgrein sem hér er til umræðu er nánast tilræði við styrktarsjóði og frjáls félagasamtök. Það hefur komið fram að skattlagning styrktarsjóða Háskóla Íslands er mjög há. Sbr. fyrirspurn VB til menntamálaráðherra, svar ráðherra á þingskjali 532 dags. 18.11.2014.

Blaðsíða | 4

Í raun eru styrktarsjóðirnir ekki lengur styrktarsjóðir frjálsra félagasamtaka, heldur styrktarsjóðir fyrir ríkissjóð Íslands.

Auðvitað var slíkt ekki tilgangurinn þegar sjóðirnir voru stofnaðir af góðum hug gefenda.

Þar sem þessir sjóðir eru skráðir og skila reikningum til Ríkisendurskoðunar er mjög einfalt að undanþiggja skráða styrktarsjóði skattskyldu. Slíkt myndi efla starfsemi hins svokallaða „þriðja geira“ mjög.

Leið út úr vanda

Ef skatthlutfall lögaðila þykir of lágt, þ.e. 36% þá er til sú leið að hækka tekjuskatt fyrirtækja í 22% en halda fjáreignatekjuskatti óbreyttum, þ.e. í 20%. Þá verður endanleg skattlagning lögaðila 37,6%, sem er eins og það sem kemur út með þeirri breytingu samkvæmt frumvarpinu.

Skattlagning á vaxtatekjur verða þá óbreyttar. Það kann að vera að slík breyting dragi úr mísræmi í skattlagningu eftir uppruna tekna.

Almennt um sparifé

Ef rökstuðningur um „græna skatta“ og „sykurskatt“ er yfirfærður á þessa skattlagningu þá mætti ætla að það væri álit löggjafans að sparifé sé of mikið og að nauðsynlegt væri að draga úr frjálsum sparnaði.

Svo er alls ekki heldur þvert á móti. Frjálsan sparnað þarf að efla. Lífeyriskerfi landsmanna kann að vera á veikum grunni þar sem þrengr er að frjálsum sparnaði.

Svo er alls ekki heldur þvert á móti. Lífeyriskerfi landsmanna kann að vera á veikum grunni þar sem enn er þrengr að frjálsum sparnaði.

Lækkandi ávöxtun fjáreigna lífeyrissjóða, lengri lífaldur og aukin örorka leiða til þess að leggja þarf áherslu á frjálsan sparnað einstaklinga.

Allar þær ástæður, sem hér eru taldar, leiða til skerðingar á lífeyri úr lífeyrissjóðum.

Sú frumvarpsgrein sem fjallað hefur verið um vinnur gegn auknum frjálsum sparnaði.

Umsögn Samtaka sparifjáreigenda um þingmál nr. 3 á þingskjali 3

Almennt um frumvarpsgreinina

Samtök sparifjáreigenda hafa í áratugi reynt að efla virðingu fyrir frjálsum sparnaði. Samtökin telja að frjáls sparnaður sé ein af stoðum lífeyriskerfisins.

Aukin skattlagning frjáls sparnaðar gengur í raun þvert á samfélagsmarkmið um sparnað og ráðdeild. Aukin skattlagning á sparnað er leið til að byggja upp skuldarasamfélag og til lengri tíma eykur þörf á vaxtabótum eða viðlíka bótakerfum.

Blaðsíða | 5

Frumvarpsgreinin er í raun fullkomið virðingarleysi við frjálsan sparnað.

Þeirri hugsun, sem virðist eiga ná með greininni, þ.e. misræmi í skattlagningu einstaklinga og lögaðila, er hægt að ná með öðrum hætti.

Samtök sparifjáreigenda hafa vilja til að svara fyrir það.

Með vinsemd og virðingu,

Vilhjálmur Bjarnason

vb@hi.is GSM 8956280